

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á samkomulagi milli Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar um breytingu á mörkum sveitarfélaganna við Blesugróf o.fl.

Á grundvelli 2. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, hefur félagsmálaráðuneytið hinn 25. febrúar 2003 staðfest samning, dags. 17. febrúar 2003, sem undirritaður er af fulltrúum Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar, um breytingu á mörkum sveitarfélaganna við Blesugróf o.fl.

Samkvæmt samningnum breytast mörk sveitarfélaganna þannig að hluti Blesugrófar, 1,04 ha lands, sem nú tilheyrir Kópavogi, verður framvegis innan marka Reykjavíkurborgar. Á móti munu 2,37 ha lands, sem nú tilheyrir Reykjavík, verða innan marka Kópavogsbæjar. Breyting staðarmarkanna er sýnd með hnitum í hnitaskrá Reykjavíkurborgar frá 1951 á uppdrætti, sem telst hluti samningsins.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 25. febrúar 2003.*

**Páll Pétursson.**

*Guðjón Bragason.*

## SAMÞYKKT

### Bláskógabyggðar um sorpflutninga og sorpeyðingu.

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

Bláskógabyggð annast gámaflutninga og sorpeyðingu í sveitarfélaginu og sorphirðu á tilgreindum stöðum. Heilbrigðisnefnd Suðurlands hefur eftirlit með sorpeyðingunni og að farið sé að samþykkt þessari.

Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd gámaflutninga, sorpeyðingar og sorphirðu. Þeir aðilar skulu hafa starfsleyfi heilbrigðisnefndar eða Umhverfisstofnunar eftir því sem við á.

##### 2. gr.

Sorpflutningar og sorpeyðing skal framkvæmd undir yfirstjórn eftirlitsaðila sveitarfélagsins og skal hann jafnframt vera tengiliður og sjá um samskipti við þá aðila sem annast flutning sorps og sorpeyðingu á hverjum tíma. Einnig ber hann ábyrgð á móttöku spilliefna og meðferð landbúnaðarplasts og brotajárns.